

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Larsenstræti 2, Selfossi, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2022, óverulega breytingu á deiliskipulagi að Larsenstræti 2, Selfossi. Um er að ræða lóðina Larsenstræti 2 sem er skilgreind sem verslunar-, þjónustu- og athafnalóð. Breytingin felur í sér að gert er útskot á hluta byggingarreits að vestanverðu, til að koma inntaksrými væntanlegs húss fyrir. Aðrir skilmálar eru óbreyttir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 12. september 2022.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 13. september 2022